

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Sogamýri

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. mars 1999 breytingu á deiliskipulagi í Sogamýri frá 29. september 1987. Með breytingunni er verið að afmarka nýjar lóðir, aðrar felldar niður eða þeim breytt.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. mars 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

8. apríl 1999

Nr. 256

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Gufunes.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. apríl 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Um er að ræða landfyllingu við bryggju Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 8. apríl 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

7. apríl 1999

Nr. 257

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menntunarsjóð Félags heyrnarlausra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður Félags heyrnarlausra. Hann er stofnaður af Félagi heyrnarlausra með fjárframlagi menntamálaráðuneytis að upphæð kr. 200.000 ásamt framlagi ýmissa fyrirtækja að upphæð kr. 425.000.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 625.000. Stofnfé má ekki skerða, og fyrstu fimm árin skal helm-ingur vaxta og verðbóta lagður við höfuðstólinn. Að auki tekur sjóðurinn við framlögum; gjöfum og áheitum til eflingar starfsemi hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að menntun heyrnarlausra, daufblindra og heyrnar-skertra, formlegrar og óformlegrar og einnig starfsþjálfunar. Úthlutun úr sjóðnum skal vera tvisvar á ári 15. janúar og 15. september. Stjórn sjóðsins ber að auglýsa umsóknarfrest um